

**Nr. 010 / 13 Níels Jónsson EA 106****Bilun í stýri**

Skipaskr.nr. 1357  
Smíðaður: Akureyri 1974 Eik  
Stærð: 29,04 brl. 28 bt.  
Mesta lengd: 17,47 m Skráð lengd: 15,65 m  
Breidd: 4,3 m Dýpt: 2,02 m  
Vél: Volvo Penta 280 kw 1999  
Fjöldi skipverja: 3



Níels Jónsson ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 27. september 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasoni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirprúði Alfreðsdóttur

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 10. febrúar 2013 var Níels Jónsson EA 106 á netaveiðum skammt norðan við Gjögur í minni Eyjafjarðar. Veður: S 15 m/sek.

Þegar verið var að kippa á milli netatrossa fann skipstjóri að skipið lét ekki að stjórn og eftir athugun varð ljóst að stýrisblaðið var laust frá stýrisstammanum.

Hann tilkynnti atvikið til strandstöðvar en það ekki um aðstoð þar sem hann taldi að þeir gætu siglt til hafnar með því að útbúa neyðarstýri. Þar sem skipið leitaði til stjórnborða á siglingunni var slakað fiskikari út af bakborðssíðunni og látið hanga í bómunni í sjólokunum. Með þessum tilfæringum náði skipstjóri að stýra skipinu inn Eyjafjörð og til Akureyrar þar sem það var tekið í slipp og kom þá í ljós að þrjú af fjórum boltum í flangs stýris við stamman höfðu brotnað.

**Við rannsókn kom fram:**

- að fjórir boltar sem festu saman flangsa stýris og stýrisáss (stýrisstamma) voru 16 mm sverir á legg úr ryðfríu efni en ekki er vitað um styrkleika efnisins. Þrjú af boltunum höfðu „kubbast“ í sundur og sat stýrisblaðið í hælgunni og hékk á einum bolta í flangsinum;
- að sögn skipstjóra voru boltagötin ekkert kjöguð eða slitin;
- að gert var við bilunina með því að setja flangsinn saman með stálboltum og voru rærnar rafsoðnar fastar við flangsinn. Skipstjóri sagði að við slippstöku, á komandi vori, ætti að bora út götin í flangsinum og setja í þau „passbolta“ úr stáli.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.